AUSTURBÆJARBÍÓ
Sími 11384

Allir menn forsetans
vegna fjölda áskorana sýnd kl. 9.
Hækkað verð.

Sæúlfurinn
Bönnuð innan 12 ára.
Sýnd kl. 5 og 7.

NÝJA BÍÓ
☎ 1-15-44



ÍSLENSKUR TEXTI
Bráðskemmtileg og spennandi, ný bandarísk gamanmynd um litla bróður Sherlock Holmes. Mynd, sem alls staðar hefur verið sýnd við met-aðsókn.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

BÆJARBÍÓ
Sími 50184

Orrustan um Midway



Ný vandarisk stórmynd um mestu sjóorrustu sögunnar, orrustan um valdajafnvægi á Kyrrahafi í síðustu heimsstyrjöld.
ÍSLENSKUR TEXTI
Aðalhlutverk:
Charlton Heston,
Henry Fonda,
James Coburn,
Glenn Ford o.fl.
Sýnd kl. 9.

hafnarbíó
☎ 16-444
Spyrjum að leikslokum
Hin spennandi Panavision litmynd eftir sögu Alistair MacLean
Aðalhlutverk Anthony Hopkins, Nathalie Delon.
Ísl. texti.
Bönnuð innan 14 ára.
Endursýnd kl. 1, 3, 5, 7, 9 og 11.15.


LAUGARÁS BÍÓ
Sími 32075

Indíánadrápið



Ný hörkuspennandi Kanadísk mynd byggð á sönnum viðburðum um blóðbaðið við Andavatn.
Aðalhlutverk: Donald Sutherland og Gordon Tootoosis..
Islenskur texti.
Bönnuð börnum innan 12 ára.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

Blóðhvelfingin



Ný spennandi bresk hrollvekja frá EMI
Sýnd kl. 7 og 11.10
Bönnuð innan 16 ára.

STJÖRNU BÍÓ
SÍMI 18936

Oscarverðlaunamyndin



Endursýnd kl. 6 og 9.

HÁSKÓLABÍÓ
Sími 22140

Rauða akurliljan
(The scarlet Pimpernel)

Ein frægasta og vinsælasta mynd frá gullaldar timabili breskrar kvikmyndagerðar. Þetta er mynd, sem ekki gleymist. **Leikstjóri er** Alexander Korda en **aðalhlutverkið leikur Leslie Hawardaf** ógleymanlegri snilld.
Ísl. texti.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

TÓNABÍÓ
Sími 31182

Greifi í villta vestrinu



Skemmtileg, ný ítölsk mynd með ensku tali. Leikstjóri er **E.B. Clucher**, sem einnig leikstýrði Trinity-myndunum.
Aðalhlutverk: **Terence Hill, Gregori Walcott, Harry Carey.**
„Það er svo dæmalaust gott að geta hlegið dátt ... finnst þér ekki?"
Dagblaðið H. Halls.
Bönnuð innan 12 ára.
Athugið breyttan sýningartíma.
Sýnd kl. 5, 7,15 og 9,30.

Útibú barnadeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, sem verið hefur í Árbæjarskóla, er flutt í Heilsugæslustöðina Árbæ, Hraunbæ 102, sími 711500

Heilsuverndarstöð Reykjavíkur

Seljum í dag:
Ford Maverick 1974 6 cyl. sjálfskiptur
Bronco 1975 8 cyl beinskiptur
Mustang 1969 6 cyl beinskiptur
Cortina 1971-1976
Volvi 144 Deluxe 1974
Fiat 125P 1974 128 og 127
Ýmis skipti möguleg.

BÍLASALAN SPYRNAN
VITATORGI
Símar: 29330 og 29331

Styrkveitingar til norrænna gestaleikja

Samkvæmt samnorrænni fjárhagsáætlun um samstarf á sviði menningarmála er á árinu 1977 ráðgert að verja um 1.145.000 dönskum krónum til gestasýninga á sviði leiklistar, óperu og danslistar.
Umsóknir um styrki til slíkra gestasýninga eru teknar til meðferðar þrisvar á ári og lýkur síðasta umsóknarfresti vegna fjárveitingar 1977 hinn 15. september n.k. Skulu umsóknir sendar Norræna menningarmálaskrifstofunni í Kaupmannahöfn á tilskildum eyðublöðum, sem fást í menntamálaráðuneytinu , Hverfisgötu 6, Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið, 18. maí 1977.

VÍSIR íþróttir

Myndlist

Sýnishorn af ótrúlega fjölbreyttri list Kjarvals

Ágæt aðsókn hefur verið að Kjarvalssýningunni sem nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum. Sýningin hefur verið opin frá því í febrúar og verður ekki lokað fyrr en í ágústlok.

Myndirnir eru allar í einkaeign, að undanteknum tveim stærstu myndunum, sem eru eign borgarinnar. Fæstar þessar myndir hafa áður verið sýndar opinberlega á sýningu, sú elsta er frá árinu 1917 og sú yngsta frá 1968. Það ár fór Kjarval á sjúkrahús og átti þaðan ekki afturkvæmt.

Að sögn Alfreðs Guðmundssonar hefur fjöldi manns komið á sýninguna enda er hún ágætt sýnishorn af hinni ótrúlega fjölbreyttu list Kjarvals.

Sýningin er opin á virkum dögum frá klukkan 16 til 22, nema á mánudögum því þá er lokað. Um helgar er svo opið frá 14 til 22.

—GA



Þetta er sýningarnefndin sem sá um uppsetningu Kjarvalssýningarinnar. Frá vinstri: Jóhannes Jóhannsson listmálari, Alfreð Guðmundsson, forstöðumaður Kjarvalsstaða og Guðmundur Benediktsson, myndhöggvari.